



**Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða**  
Aðalfundur Upplýsingar  
28. maí 2025

Fundarstaður: Tækniskólinn, hátíðarsalur á Háteigsvegi.

Fundarstjóri: Gunnhildur Björnsdóttir

Fundarritari: Berglind Hanna Jónsdóttir

Mættir voru 47 félagar, skv. skráningu.

Upplýsing boðaði til þessa aðalfundar í Fregni 19. apríl, aftur 6. maí og svo 19. maí 2025, en til aðalfundar skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara samkvæmt 8. grein laga félagsins.

**Dagskrá:** Þórný Hlynsdóttir formaður Upplýsingar setti fundinn klukkan 13:05 og tilnefndi Gunnhildi Björnsdóttur sem fundarstjóra og Berglind Hönnu Jónsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

**a) Skýrsla stjórnar**

Þórný Hlynsdóttir, formaður fer yfir skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2024-2025.

**Skýrsla stjórnar:** Fundarstjóri spyr hvort þeir séu samþykktir. Samþykkt.

**b) Skýrslur hópa og nefnda**

Formaður fer yfir skýrslur nefnda

Ein athugasemd frá Elísu Elíasdóttur sem er einnig í Landsfundanefnd, en það kemur ekki fram í skýrslu stjórnar. Sendir póst og Þórný bætir í skýrslu nefnda.

**c) Reikningar félagsins – Gjaldkeri kynnir reikninga**

**Reikningar félagsins:** Fundarstjóri spyr hvort þeir séu samþykktir. Samþykktir.

**d) Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna.**

Gjaldkeri ber fram tillögu um að hækka desemberuppbót stjórnarliða í 50.000 og hækkun uppbót í maí til varaformanns, meðstjórnanda og ritara í 90.000 og hækkun til formanns og gjaldkera óbreytt, 90.000,-.

Fundarstjóri spyr hvort félagsmenn séu samþykktir, handaupprétting, samþykkt.

**e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.**

Tillaga um að veita bókasafnsdagsnefnd og ritnefnd þóknun.

Ekki sótt um styrki til stofnana á síðasta starfsári en myndi verða gert á næsta ári til að fjármagna þær þóknanir.

Spurning frá Rósu Bjarnadóttur hver gulrótin fyrir söfnin yrði til að styrkja ritnefnd og bókasafnsdaginn. Gulrótin fyrir söfnin yrði bara í hag safnanna.

**Fjárhagsáætlun:** Fundarstjóri spyr hvort áætlunin sé samþykkt. Samþykkt.

#### **f) Árgjald.**

Stjórn gerir ekki tillögu um breytingu á árgjaldi.

#### **g) Lagabreytingar.**

Stjórn leggur til liður „j“ í dagskrá aðalfundar, er varðar kosningu í fastanefndir sé fellt úr lögum. Stjórn þarf að finna fólk þegar einhverjir hætta. Félagsmenn hvattir til að sýna áhuga. Það var borið undir fundarmenn og var samþykkt.

Dagskrá aðalfundar liti þá þannig út:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Skýrslur hópa og nefnda.
- c) Reikningar félagsins.
- d) Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna.
- e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.
- f) Árgjald.
- g) Lagabreytingar.
- h) Kosning stjórnar og varamanna, sbr. 5 gr.
- i) Kosning skoðunarmanna reikninga.
- j) Önnur mál

#### **h) Kosning stjórnar og varamanna sbr. 5. gr.**

Varaformaður Andrea Ævarsdóttir og meðstjórnandi/vefstjóri Sif Sigurðardóttir hafa óskað eftir lausn frá stjórnarsetu.

Tvö framboð til stjórnar hafa borist:

Arnar Óðinn Arnþórsson á Landsbókasafni  
Þrúður Sigurðardóttir frá Skólabókasafni Ölfuss

Framboðin eru borin undir félagsmenn, einn frambjóðandi í einu. Handaupprétting, samþykkt.

Aðrir í stjórn eru ekki í kjöri að þessu sinni:

Þórný Hlynsdóttir (formaður) ekki í kjöri.  
Laufey H. Svavarsdóttir (gjaldkeri) ekki í kjöri.  
Sigurlaug Jóna Hannesdóttir (ritari) ekki í kjöri.

Varamenn í stjórn: Sigurgeir Finnsson (til eins árs) og Andrea Ævarsdóttir (til tveggja ára)  
Fundarstjóri spyr hvort þau séu samþykkt sem varamenn. Samþykktir.

i) Kosning skoðunarmanna reikninga.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir og

Margrét Ásgeirsdóttir hafa gefið samþykki fyrir áframhaldandi störfum.

## j) Önnur mál.

Ritari vill koma því á framfæri að félagar passi uppá að við séum með rétt og virk netföng skráð hjá okkur svo upplýsingar í Fregni og skírteini komist örugglega til skila. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar fólk skiptir um starfsvettvang eða lætur af störfum. Bæði að senda á póstlista og senda póst á gjaldkera.

Formaður ber upp að erfitt er að fá fólk til að starfa fyrir félagið og sérstaklega í sjálfböðastarfi. Spyr hvort það sé ekki áhugi hjá félagsmönnum fyrir að halda félaginu úti áfram.

Kristjana Mjöll Hjörvar Jónsdóttir á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni tekur undir með formanni og segir að það sé mjög mikilvægt að starfa fyrir félagið og segir að það sé ekki að fólk vilji ekki starfa fyrir félagið heldur að fólk telji sig ekki hafa tíma eða telur sig ekki hafa neitt að bera til að starfa fyrir félagið. Helgi hjá Landskerfi tekur fram að það þurfi endalaust að minna á sig í stjórnsýslunni til að fá styrki til félaga.

Sigrún Hauksdóttir segir að til að vekja okkar fólk þarf að hóta að hætta að hafa landsfund. Barbara á BBS segir að fólk sé bara mjög upptekið og ekki hægt að bera saman við Norðurlöndin þar sem félögin eru ríkisstyrkt. Og sorglegt að ráðuneytið sé hætt að styrkja félagið.

Formaður segir að það sé næst á dagskrá að fá fund með ráðherra.

Formaður barðist fyrir því að fá manneskju frá skólasöfnunum til að koma í stjórn Upplýsingar til að þau ættu sinn málsvara.

Hólmkell nefndi að það sé mjög áberandi að bókasöfnin fá mikið fálæti frá stjórnsýslu.

Þurfum að fá einhvern talsmann bókasafna í stjórn, bæði í ráðuneyti og hjá sveitarfélögum.

Hólmkell bendir á að það vanti vakningu hjá starfsfólki bókasafna að vera í félaginu Upplýsingu.

Formaður bendir á að það yrði mögulega lokað á Morgunkorn fyrir aðra en félagsmenn til að það væri einhver gulrót til að vera í félaginu.

Ásdís hjá Landskerfi hvatti yfirmenn bókasafna til að hvetja starfsmenn til að vera í félaginu.

Lísa Z. Valdimarsdóttir bendir á að bæjarfélagið í Kópavogi greiðir félagsgjöld starfsmanna á Bókasafni Kópavogs.

**Fundi slitið 14.00**